

# UPPRUNI JÓLAGJAFNA

Nemendur koma með hlut sem þeir hafa fengið í jólagjöf og fræðast um uppruna hans og auðlindanotkun

Markmið:

Að börn fái tilfinningu fyrir því hvaðan hlutir koma og hvað þarf til að þeir verði til. Að börn átti sig á því að Jörðin skaffar okkur allt það sem við þurfum.

Tími: 2-3

kennslustundir

Framkvæmd:

Nemendur lesa eftirfarandi texta:

Allt sem við kaupum, borðum og notum kemur frá Jörðinni. Allt í kringum okkur, hefur Jörðin gefið okkur. Fötin sem við klæðumst, matinn sem við borðum, tæki, leikföng og lengi mætti áfram telja.

Það er ekki svo langt síðan fólk þurfti að afla sér eigin matvæla, t.d. með því að veiða fisk í matinn eða mjólka kúna á bænum. Föt voru unnin úr ull sem kom af kindunum og símar voru ekki einu sinni til á hinu hefðbundna heimili á Íslandi.

Því meira sem við kaupum því meira þarf að búa til og því meira sem við búum til því meira þurfum við að taka frá jörðinni.



Framkvæmd:

Nemendur koma með hlut sem þeir hafa fengið í jólagjöf og reyna að finna uppruna hlutarins og finna svör við spurningunum hér að neðan.

Spurningar:

Hvar var hluturinn framleiddur?

Úr hvaða efnum er hann?

Hvernig er hann framleiddur?

Hvernig tengist hluturinn náttúrunni?

Er hluturinn nauðsynlegur eða er í lagi að hann sé ekki til?

Er auðvelt að endurnýta eða endurvinna hlutinn?

Fyrir yngri nemendur er gott að vera með einfalda hluti sem þeir þekkja úr umhverfinu sínu t.d síma, borðspil, mandarínu, plastflösku, sultukrukku, föt, bók.

Hlutirnir eru skoðaðir og einn hlutur tekinn fyrir í einu.

